

# Fundur skólaráðs þriðjudaginn 29. september 2009

Fundarmenn: Hildur, Kristbjörg , Vala, Helga Þöll, Óskar, Agnes, Anna Magnea, Ragnheiður, Margrét H. og Hafdís Bára.

Fundur settur kl. 14:25.

1. Sjálfsmat. Skólastjóri kynnti fyrirhugaðar kannanir sem gerðar verða á næstunni. Fyrst er könnun í samstarfi við *Skólapúlsinn*. Hún er lögð fyrir nemendur í 6. og 7. bekk og fjallar aðallega um líðan. Er lögð fyrir 4 sinnum á ári (úrtak) og þannig hægt að fylgjast vel með hver staðan er. Ekki er hægt að rekja svör til einstaklinga. Foreldrar fá bréf og veita upplýst samþykki. Skólinn mun síðan leggja fyrir foreldra könnun byggða á spurningum úr síðustu *Capacent Gallup* könnun sem gerð var á vegum sveitarfélagsins. Með því að nota spurningar úr henni er hægt að bera niðurstöður saman. Skólastjóri kynnti einnig nýja einingu í *Mentor* sem er hluti leiðsagnarmats sem skólinn hyggst taka upp. Sendur verður út rafrænn spurningalisti sem nemendur og foreldrar svara í *Mentor* fyrir foreldraviðtöl 26. október. Könnunin hefur hingað til verið lögð fyrir á pappír. Með þessu móti er vonast til þess að heimtur verði betri og betur sé hægt að fylgjast með stöðu og þróun hvers og eins. Loks sagði skólastjóri frá því að fyrirhugað sé að taka upp *Balanced scorecard* í sjálfsmati og þá verða sett mælanleg viðmið við öllum atriðum í sjálfsmatskönnum.
2. Matarmál. Rætt um matarmálin og hvernig gangi með nýtt fyrirtæki sem annast matinn. Gagnrýni hefur komið fram og sýnist sitt hverjum. Almennt eru nemendur ánægðir með matinn og margir segja hann betri en í fyrra. Fulltrúar úr stjórn foreldrafélagsins hafa komið í heimsókn á matartíma og smakka matinn til þess að fylgjast með. Fyrirtækið *Heitt og kalt* hefur tekið öllum ábendingum vel og bætt úr því sem bent hefur verið á. Samstarf við fyrirtækið er með ágætum og starfsfólk vingjarnlegt og sýnir börnunum jákvætt viðmót.
3. Skólareglur. Aðstoðarskólastjóri kynnti endurskoðun skólareglina. Skólinn hefur skoðað ýmis agakerfi sem aðrir skólar hafa tekið upp og tekin hefur verið sú ákvörðun að taka ekki upp slík kerfi að svo stöddu. Farið var í að skoða vinnuferla, samræma viðbrögð og viðurlög. Reglur voru endurskoðaðar og settur inn nýr tónn t.d. við eignum að... við eignum aldrei að... Einning er talað um sáttmála um umgengni. Reglurnar eru komnar á vef skólans ásamt bæklingi til starfsmanna um vinnuferla í agamálum. Framundan er kynning á reglunum og umfjöllun kennara með nemendum sem fer fram í lífsleikni og á bekjkjarfundum.
4. Nemendaráð. Undirbúnингur að stofnun nemendaráðs er hafinn. Áformað er að fulltrúar nemenda í skólaráði sitji einnig í nemendaverndarráði.
5. Önnur mál.
  - a. Reykjaferð nemenda. Foreldrar hafa skoðað ýmsa möguleika á því að hægt sé að fara í ferðina. M.a. það að foreldrar fari með og því lækki launakostnaður kennara. Kennrarar gætu fengið frí á móti aukavinnu í ferðinni. Reglur um greiðslur eru skýrar og geta foreldrar vel safnað fyrir fæði og uppihaldi en ekki ferðum og launakostnaði. Skólinn getur greitt rótuna. Kennrarar færuru út fyrir kjarasamning með því að fara í ferðina á þeim forsendum sem verið er að skoða og slíkt er ávallt varasamt. Mögulegt með því að kennrarar geri skriflegan samning við skólann. Tryggingamál eru líka til skoðunar.
  - b. Fundarstaður. Bent á að setja fundarstað í fundarboðin.
6. Fundi slitið kl. 15:40

Hafdís Bára Kristmundsdóttir